

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi.

1. gr.

Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar og losunar á rotþróum í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2024 skal vera kr. 10.000 og er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 30.000. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 53.940, skal eigandi fasteignar greiða samkvæmt reikningi beint frá verktaka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 6. mars 2024, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 21/2022.

Kjósarhreppi, 7. mars 2024.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2024